

REGLUR

um starfsemi Íslenska dansflokksins.

1. gr.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæður listdansflokkur. Markmið hans er að sýna listdans og ennfremur að stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Málefni Íslenska dansflokksins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Íslenska dansflokknnum stjórna listdansstjóri og framkvæmdastjóri sameiginlega, í náinni samvinnu við stjórn dansflokksins, eftir því sem nánar segir í reglum þessum.

3. gr.

Stjórn Íslenska dansflokksins skal skipuð þremur mönnum, þar af einn þeirra formaður, og skulu þeir allir skipaðir af menntamálaráðherra. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

Stjórn Íslenska dansflokksins fer með ákvörðunarvald um málefni hans og skulu allar meiriháttar ákvarðanir um rekstur dansflokksins bornar undir stjórnina til samþykktar. Stjórnin vinnur að langtímaáætlun um starfsemi dansflokksins. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir stjórnina til samþykktar og hefur stjórnin eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórn Íslenska dansflokksins sker úr ágreiningi sem upp kann að koma varðandi stjórn og starfsemi dansflokksins.

Stjórn Íslenska dansflokksins tekur ákvörðun um hver skuli ráðinn listdansstjóri. Auk þess hefur listdansstjóri samráð við stjórn dansflokksins um gerð tillagna til framkvæmdastjóra um hverja skuli ráða í starf dansmeistara, listdansara, danshöfunda, tónskálda, stjórnenda, þjálfara og undirleikara.

4. gr.

Framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Framkvæmdastjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri dansflokksins. Hann hefur með höndum fjármálastjórn dansflokksins, gerir kostnaðaráætlanir fyrir einstök leikár og hvert verkefni fyrir sig, og annast gerð fjárhagsáætlana og reikningsskil. Fjárhagsáætlun verður að hljóta samþykki stjórnar dansflokksins.

Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk og annast að öðru leyti starfsmannamál fyrir dansflokkinn. Varðandi ráðningu listdansstjóra er framkvæmdastjóri bundinn af ákvörðun stjórnar dansflokksins um hver skuli ráðinn. Varðandi ákvörðun um hverjir skuli ráðnir dansmeistarar, listdansarar, danshöfundar, tónskáld, stjórnendur, þjálfarar og undirleikarar er framkvæmdastjóri bundinn af tillögu listdansstjóra um hverjir skuli ráðnir.

Framkvæmdastjóri annast einnig markaðssetningu, almannatengsl og kynningu á flokknum, í samráði við stjórn dansflokksins og listdansstjóra.

Skal nánar kveðið á um starfssvið framkvæmdastjóra í erindisbréfi.

5. gr.

Listdansstjóri er ráðinn skv. ákvörðun stjórnar Íslenska dansflokksins til fjögurra ára í senn, að undangenginni auglýsingu. Miðað skal við að stjórn dansflokksins hafi tekið ákvörðun um hvern skuli ráða listdansstjóra í síðasta lagi sex mánuðum áður en ráðningartímabili hvers listdansstjóra lýkur.

Listdansstjóri veitir dansflokknum listræna forystu og mótar listræna stefnu hans. Listdansstjóri á að stuðla að uppbyggingu dansflokksins með því að hafa stöðugt í huga ræktun og aðhlyningu listrænna hæfileika þeirra sem þar starfa, bæði sem dansarar og danshöfundar. Listdansstjóri gerir tillögur til framkvæmdastjóra um hverja skuli ráða dansmeistara, listdansara, danshöfunda, tónskáld, stjórnendur, þjálfara og undirleikara, í samráði við stjórn dansflokksins og með hliðsjón af því sem fjárveitingar leyfa á hverjum tíma.

Listdansstjóri skipuleggur allt daglegt starf dansflokksins í samráði við framkvæmdastjóra, sem jafnframt hefur samráð við listdansstjóra varðandi markaðssetningu, almanna- tengsl og kynningu á dansflokknum.

Ráðningarkjör listdansstjóra skulu ákveðin af stjórn Íslenska dansflokksins.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 og skv. heimild í 19. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991 og reglur nr. 21/1996 um breyting á reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 639/1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðningartímabil núverandi listdansstjóra skal haldast til 1. ágúst 2002.

Listdansarar, sem hafa verið fastráðnir dansarar í a.m.k. 8 ár við gildistöku reglna þessara og sem láta þurfa af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að þeir uppfylla ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar, eiga rétt til námsstyrks í allt að 3 ár sem hér segir:

1. Eftir 8 ára starfsaldur = 80% launa í eitt ár.
2. Eftir 12 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
= 60% launa annað árið.
3. Eftir 16 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
= 60% launa annað árið.
= 40% launa þriðja árið.

Réttur þessi er bundinn því skilyrði að eigi sé um að ræða rétt til annarra styrkja eða námslána.

Skulu listdansarar skila stjórn dansflokksins umsóknum um námsstyrki eigi síðar en 3 mánuðum fyrir starfslok. Í umsókn skal greina m.a. hvaða menntunar umsækjandi hyggst afla sér og fylgja skal staðfest vottorð um námsvist.

Hefji styrkhafi störf á tímabilinu fellur réttur til námsstyrks niður meti stjórn Íslenska dansflokksins það svo. Ef sérstaklega er um það sótt er stjórn Íslenska dansflokksins heimilt að geyma réttindin þar til allt að 2 ár eru liðin frá starfslokum hjá Íslenska dansflokknum.

Listdansarar eiga rétt skv. þessu ákvæði þar til nýjar reglur hafa verið settar um starfslok þeirra.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.